

Af því, sem hér að framan er rakið, er ljóst, að hluthafafundurinn 6. nóvember 1957, sem boðað hafði verið til með fundarboði, sem gaf til kynna, að á fundinum ætti að ræða fjárbörf félagsins, hafði vald til þess að taka ákvörðun um aukningu hlutafjár í félaginu upp í það mark, sem 4. gr. félagslaganna setur. Svo sem áður segir, var á fundinum samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða tillaga þess efnis að auka hlutafé í félaginu innan marka 4. gr. Hefur því krafa stefnanda um ógildingu þessarar samþykktar fundarins ekki við rök að styðjast, og ber þá að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jóhann Þórðarson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan ásamt samdómendum Ísleifi Árnasyni, fulltrúa borgardómara í Reykjavík, og Ragnari Péturssyni kaupfélagsstjóra.

Vegna mikilla anna við bæjarfógetaembættið í Hafnarfirði og borgardómaraembættið í Reykjavík í sambandi við þingleyfi svo og vegna fjarveru dómenda vegna sumarleyfa á mismunandi tímum hefur dómur ekki verið kveðinn upp fyrr í málinu, enda þótt dómsatkvæði hafi verið tilbúið til uppsagnar 21. f. m.

Dómsorð:

Stefndi, Lýsi og Mjöl h.f., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, bæjarstjórans í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 10. desember 1962.

Nr. 140/1962. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Konráði Þorsteinssyni (Áki Jakobsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brot gegn 108. gr. laga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, fyrrverandi sýslumaður, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm sem setudómari.

Ummæli þau, sem mál þetta er af risið, voru birt í 269. tölublaði 42. árgangs Alþýðublaðsins 29. nóvember 1961 og undirrituð af ákærða.

Ummælunum í 1., 2. og 6.—9. lið ákærunnar, sem tekin er upp í héraðsdóminn, er beint að Niðurjöfnunarnefnd Sauðárkrókskaupstaðar í heild, en ummælunum í 3.—5. lið að formanni nefndarinnar, Rögnavaldi Finnbogasyni bæjarstjóra, sem áður var bæjargjaldkeri kaupstaðarins. Eru þeir allir opinberir starfsmenn og ummælunum beint að framkomu þeirra í starfi, og á því ákæruvaldið saksóknarrétt í máli þessu.

Hin átöldu ummæli eru öll meiðandi og móðgandi fyrir þá, sem þeim er beint að, og hafa á engan hátt verið réttlætt. Eru þau því brot á 108. gr. laga nr. 19/1940.

Ber því að dæma ákærða í refsingu fyrir að viðhafa þau, og þykir hún hæfilega ákveðin kr. 5000.00 sekt, er renni í ríkissjóð, og komi 25 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Akvæði héraðsdóms um ómerkingu ummælanna, greiðslu á kr. 800.00 til að standast kostnað af birtingu dóms í málinu og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestast.

Krafan um miskabætur var ekki miðuð við tiltekna upphæð. Er hún því ódómhæf, og ber að vísa henni frá héraðsdómi.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00, er renni í ríkissjóð, og laun verjanda hans fyrir Hæstarétti, sem ákveðast kr. 3500.00.

Dómsorð:

Kröfunni um miskabætur í máli þessu er vísað frá héraðsdómi.

Ákærði, Konráð Þorsteinsson, greiði í ríkissjóð 5000.00 króna sekt, og komi 25 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdómsins um ómerkingu ummæla, greiðslu kostnaðar af birtingu dóms í málinu og greiðslu sakarkostnaðar í héraði, staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 3500.00, og málsvarnarlaun Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Sauðárkróks 21. ágúst 1962.

Mál þetta, sem var þingfest 30. apríl þ. á. og tekið til dóms 14. þ. m. að afloknum munnlegum málflutningi, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Konráði Þorsteinssyni kaupmanni, Sauðárkróki, fyrir að hafa í grein með fyrirsögninni „Opíð bréf til Niðurjöfnunarnefndar Sauðárkrókskaupstaðar“, í 269. tölublaði 42. árgangs Alþýðublaðsins hinn 29. nóvember 1961 birt eftirfarandi ummæli um Niðurjöfnunarnefnd Sauðárkrókskaupstaðar og að nokkru um formann nefndarinnar, bæjarstjórnann sem slíkan, og einnig í sambandi við önnur störf hans í þágu bæjarfélagsins:

1. „.... sakast um það við ykkur, elsku vinina og klíkubræðurna“
2. „.... benti á augljósa mismunun, sem beitt var gagnvart mér, samanborið við aðra“
3. „.... að undir handarjaðri hans hefur þróast sú mesta bókhaldsóreiða, sem um getur á Sauðárkróki“
4. „.... að hann hafi ætlað að stela koparum, sem hann komst yfir hjá Rafveitunni“
5. „Hann hefur heldur ekki brugðizt vonum, hvað það snertir, enda tilþrifameira að gera hagkvæma verzlun við bæjarfyrirtæki og nota til þess aðstöðu sem bæjarstjóri, heldur en vera að kvotla við að komast yfir kopar, til þess að smygla honum til útlanda, enda fyrirhöfn að vera að eiga við þess háttar og standa í tvöföldu smyglveseni, þegar hægt er að selja bæjarfyrirtæki gamalt skip, sem bæjarstjórafrúin á hlut í. Og þó sumum kunni að virðast eitthvað hárukt við viðskiptin, þá eru sumir menn bæði belgmiklir og kokvíðir og munar ekki um að kingja smávegis, þegar álitleg upphæð er annars vegar“

6. „.... til lagfæringar á rangsleitni þeirri, sem mér hefur verið sýnd.“
7. „Samanborið við tekjuáætlun sumra annarra, virðist vera um svo óeðlilega mismunun að ræða, að ekki gæti verið um eðlilega skýringu á því, nema að hér eigi að vera, hvað mig snertir, um beina ániðslu og hefndarráðstafanir að ræða“
8. „Þvílíkur hundavaðsháttur og hroðvirkni virðist hafa ríkt við niðurjöfnun útsvara, að slíkt er algerlega óviðunandi“
9. „.... að það beri ekki svo augljósan vott um kæruleysi og hroðvirkni.“

Öll framangreind ummæli eru talin varða við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Enn fremur er þess krafizt, að framangreind ummæli verði dæmd ómerk, sbr. 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga, að ákærði verði, sbr. 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga, dæmdur til að greiða niðurjöfnunarnefnd Sauðárkrókskaupstaðar hæfilega fjárhæð til að standast kostnað við birtingu dómsins í opinberu blaði eða riti og að ákærði verði dæmdur til að greiða niðurjöfnunarnefndarmönnum miskabætur samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði er fæddur 26. marz 1914 á Litlu-Hámundarstöðum á Árskógsströnd. Samkvæmt fyrirbyggjandi sakavottorði hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1955 8/8 Skagafj.: Sátt, 300 króna sekt fyrir brot á bifreiðalögum og umferðarlögum.

— 5/10 Skagafj.: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum og umferðarlögum.

Hinn skipaði verjandi ákærða í máli þessu, hrl. Áki Jakobs-son, Reykjavík, gerir þær réttarkröfur, aðallega, að málinu verði vísað frá sakadómi, en til vara, að ákærði, Konráð Þorsteinsson, verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins. Þá gerir hann og þá kröfu, að honum verði tildæmd málsvarnarlaun samkvæmt mati dómsins.

Kröfu sína um frávísun málsins byggir verjandi ákærða á því, að ekki verði séð, að samþykkt niðurjöfnunarnefndar Sauðárkróks frá 14. des. s.l., hafi gefið tilefni til þeirra krafna, er bornar voru fram af lögfræðingi niðurjöfnunarnefndar, Guttormi Erlendssyni hrl., við saksóknara ríkisins, en samþykkt nefndarinnar var svohljóðandi:

„Eftir allmiklar umræður var niðurjöfnunarnefnd sammála um

að fela lögfræðingi að taka skrif þessi til lögfræðilegrar meðferðar í heild og lið fyrir lið, svo að rannsökuð verði réttmæti þessarar blaðagreinar. Þá samþykkir nefndin að fara þess á leit við Guttorm Erlendsson hrl., að hann taki að sér mál þetta fyrir hönd nefndarinnar.“

Undir samþykkt þessa skrifa allir nefndarmennirnir, 5 talsins.

Undir rannsókn málsins sló ákærði því fram, án þess þó að leggja á það áherzlu, „að hann efaðist stórlega um, að niðurjöfnunarnefnd hafi óskað eftir meiðyrðamálshöfðun“. Þegar dómurinn svo síðar varð þess var í símtali við verjanda, að hann teldi, að þarna væri um raunverulegt ágreiningsatriði að ræða, taldi hann rétt að gefa kæranda tækifæri til að tjá sig að nýju um málið, hver meining hennar hefði verið, áður en málið kæmi undir dóm. Þetta leiddi til þess, að fram kom ný yfirlýsing frá niðurjöfnunarnefnd, en nú í tvennu lagi. Einn nefndarmannanna, Arnór Sigurðsson, lét bóka svohljóðandi yfirlýsingu:

„Ég undirritaður lýsi því hér með yfir, að á fundi Niðurjöfnunarnefndar Sauðárkróks, sem haldinn var 14. des. s.l., var aldrei einu orði á það minnst, að nefndin kærði hr. Konráð Þorsteinsson kaupmann á Sauðárkróki fyrir meiðyrði vegna ummæla hans í blaðagrein þeirri, er fundurinn fjallaði um. Tel ég meiðyrðamálshöfðun á hendur Konráði Þorsteinssyni ekki framkomna í umboði nefndarinnar.“

Yfirlýsing meirihluta niðurjöfnunarnefndar, sem gerð var samtímis, segir, að í samþykktinni frá 14. des. 1961 „felist viljayfirlýsing nefndarinnar til hvers konar lögfræðilegrar meðferðar, m. a. til málshöfðunar að lokinni rannsókn.“

Hina síðbúnu yfirlýsingu Arnórs Sigurðssonar verður að telja, að jafngildi ósk hans um, að málið verði dregið til baka og látið niður falla. En af því leiðir aftur, að hann telst að sínu leyti hvorki gera kröfu til ómerkingar ummæla ákærða um niðurjöfnunarnefnd, sem málið er risið af, né hlutdeildar í miska-bótum, ef dæmdar yrðu samkvæmt kröfu saksóknara ríkisins.

Í samþykkt niðurjöfnunarnefndar frá 14. des. 1961, sem þá var gerð samhljóða, er í fyrsta lagi samþykkt „að taka skrif þessi til lögfræðilegrar meðferðar“. Í öðru lagi „að fela tiltekn-um lögfræðingi að taka að sér málið fyrir hönd nefndarinnar“. Og í þriðja lagi, „að rannsökuð verði réttmæti blaðagreinarinnar“. „Lögfræðileg meðferð“ verður vart skilin á annan veg en beiðni um málshöfðun og alls ekki sem beiðni um álitserð. Umboðið til lögfræðings virðist með öllu tvímælalaust. Og rann-

sókn á réttmæti blaðaummælanna virðist aðeins geta komið til greina sem opinber rannsókn, því að ekki er unnt að gera ráð fyrir, að menn, sem kosnir eru í niðurjöfnunarnefnd, séu svo ráðvilltir, að þeir óski eftir rannsókn til sönnunar sakleysi sínu af áburði ákærða og losa hann þann veg frá fyrirhöfn að sanna mál sitt. Verður því að líta svo á, að umboð lögfræðings niðurjöfnunarnefndar til kæru og kröfu um rannsókn hafi frá upphafi verið nægilegt og gilt, en hin síðari yfirlýsing taki þó af allan hugsanlegan vafa um það efni. Krafa verjanda um frávísun málsins ber því ekki að taka til greina.

Hin kærðu blaðaummæli eru tvíþætt. Annars vegar eru ummæli um niðurjöfnunarnefnd Sauðárkróks og störf hennar. Er þau að finna í fyrsta og öðru og síðan í 6.—9. kærutriði. Hins vegar eru í 3.—5. kærutriði ummæli um formann nefndarinnar, Rögnvald Finnbogason bæjarstjóra. Er þar um persónulegar dylgjur og aðdróttanir að ræða, sem ekki snerta niðurjöfnunarnefnd sem slíka. Ummælin um niðurjöfnunarnefnd verður að telja móðgandi fyrir hana (þ. e. nefndarmennina), sérstaklega þegar tekið er tillit til þess, að þau eru borin fram í víðlesnu blaði, og jafnframt tekið tillit til þess, að ákærði taldi ekki fram, að hann sá sér ekki fært eða lét dragast úr hömlu að gefa niðurjöfnunarnefnd umbeðnar upplýsingar, enda ekkert eða mjög ófullkomið bókhald fyrir hendi, svo að hún gæti fellt úrskurð um útsvarskæru ákærða, er hann síðan gæti áfrýjað til yfirskattanefndar og loks til Ríkisskattanefndar, ef ástæða þætti til. Rannsókn á réttmæti ádeilna hans á niðurjöfnunarnefnd í sambandi við útsvar hans gat aðeins farið fram með þeim hætti, þar sem mörg atriði í slíku máli geta verið matsatriði, er nefndar nefndir eru einar bærar um að úrskurða. Verður því að taka til greina kröfuna um að dæma hin kærðu ummæli um Niðurjöfnunarnefnd Sauðárkróks ómerk og ákærða til sektar fyrir að viðhafa þau. Hins vegar verður að fallast á þá röksemd verjanda ákærða, að ósanngjörn og móðgandi ummæli um niðurjöfnunarnefndir séu svo almenn, þó að undantekning sé, að þau séu borin fram í víðlesnum blöðum, svo sem hér var gert, að þau séu yfirleitt ekki tekin svo alvarlega, að um álitshnekki sé að ræða, og þykir því ekki næg ástæða til að dæma niðurjöfnunarnefndarmönnum miskabætur þeirra vegna.

Varðandi hin persónulegu ummæli ákærða um formann niðurjöfnunarnefndar, Rögnvald Finnbogason bæjarstjóra, er öðru máli að gegna. Sérstaklega þar sem þau eru birt í víðlesnu blaði,

eru þau ekki aðeins móðgandi, heldur einnig beint til þess fallin að kasta skugga á mannorð bæjarstjórans og skapa vanmat á hæfileikum hans og heiðarleik. Er aldrei fyrirfram hægt að vita, hve mikið tjón unnt er að gera manni með slíkum áburði.

Í setningunni „.... undir handarjaðri hans hefur þróast hin mesta bókhaldsóriða, sem um getur á Sauðárkróki“ felst óbein ákæra um vanrækslu í starfi eða vankunnáttu eða hvort tveggja. Að hér er skrifað gegn betri vitund, virðist augljóst, þegar þess er gætt, að upplýst er í málinu, að bókhald það, sem við er átt, Fiskivers Sauðárkróks h.f., er Rögnvaldi Finnbogasyni óviðkomandi, þar sem félagið starfar undir eigin stjórn og hefur sjálfstætt bókhald, en ákærði sjálfur í stjórn þessa útgerðarfélags og hafði sem slíkur aðgang að bókhaldinu og bar skylda til að hlutast til um, að úr væri bætt, ef hann hefði grun um, að bókhaldið væri ekki í fullu lagi. Liggur fyrir í málinu, að reikningar félagsins hafi nú verið gerðir upp og reynzt í lagi.

Þá er það setningin: „varla hefur bókhaldinu verið um að kenna, þótt einhverjum kynni að detta í hug, „að hann hafi ætlað að stela koparum, sem hann komst yfir frá Rafveitunni, þegar hann var bæjargjaldkeri“, er í hæsta máta móðgandi og fallin til að rýra álit bæjarstjórans og kasta skugga á heiður hans. Auk þess sem orðið „stela“ er notað, þó að ekki segi beinlínis, að hann hafi gert sig sekan um þennan verknað, þá notar ákærði einnig orðið „komast yfir“, þó að honum sé vel ljóst, að því er bezt verður séð, að koparinn var keyptur venjulegu verði af opinberum aðilja, og aðeins um vírbúta „brotakopar“ að ræða. Loks er gefið í skyn í 5. ákærulið, að bæjarstjórinn hafi notað aðstöðu sína til þess að fá útgerðarfyrirtækið, Fiskiver Sauðárkróks h.f., sem Sauðárkróksbær á hlut í, til þess að kaupa skip, sem kona hans átti hlut í. Í málinu er þó upplýst, að kaup skipsins var, að undangenginni skoðun og mati fagmanna, samþykkt af stjórn Fiskivers Sauðárkróks h.f., þar með talið ákærða sjálfum sem stjórnarnefndarmanni félagsins. Er hér enn gegn betri vitund, að því er séð verður, vegið að mannorði bæjarstjórans á móðgandi og vitaverðan hátt.

Vegna hinna sérstöku ummæla ákærða um Rögnvald Finnbogason bæjarstjóra verður auk sekta að dæma ákærða til að greiða honum miskabætur, sem þykja hæfilega ákveðnar kr. 2000.00.

Með tilvísun til framanritaðra ákæruatriða og forsendna þykir verða að dæma ákærða til sektargreiðslu, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin kr. 3.000.00, er renni í ríkissjóð og

afplánist með 15 daga varðhaldi, sé sektin eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Þá ber og að dæma ákærða til að greiða Niðurjöfnunarnefnd Sauðárkróks kr. 800.00 til þess að standast kostnað við birtingu dóms þessa í opinberu blaði eða riti. Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar og skipuðum verjanda sínum kr. 1000.00 í málsvarnarlaun.

Dómsorð:

Ákærði, Konráð Þorsteinsson kaupmaður, Sauðárkróki, greiði 3000.00 króna sekt, er renni í ríkissjóð, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hin kærðu ummæli skulu vera ómerk. Þá greiði ákærði Niðurjöfnunarnefnd Sauðárkróks kr. 800.00 til þess að standast kostnað af birtingu dóms þessa í opinberu blaði eða riti. Svo greiði ákærði og Rögnvaldi Finnbogasyni, bæjarstjóra á Sauðárkróki, kr. 2000.00 í miskabætur. Og loks greiði hann allan kostnað sakarinnar, þar með taldar kr. 1000.00 til skipaðs verjanda síns, Áka Jakobssonar hrl., Reykjavík, í málsvarnarlaun. Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. desember 1962.

Nr. 137/1962. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Einari Hafstein Guðmundssyni

(Haukur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Umferðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Skúli Thorarensen, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms, hafa tvö vitni komið fyrir dóm af nýju og staðfest vætti sitt með eiði. Annað þeirra